

verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið. Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innistæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innistæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innistæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Lán í þessum flokki eru því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.

3. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 175 20. mars 1980.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Pórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

1. gr.

Sjúkrasamlög greiða heilsugæslustöðvum og sérstökum göngudeildum fyrir meðferð húðsjúkdóma samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Þegar reikningum er framvísað til greiðslu skal fylgja þeim tilvísun frá lækni, sérfræðingi í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið, fyrir sérhvern nýjan sjúkling. Framvísa þarf nýrri tilvísun hálfárslega sé um stöðuga meðferð að ræða, annars þegar meðferðartímabil hefst.
- b. Greiðslur fyrir meðferð eru þessar:

I. Fyrir útfjólublá ljós smyrsl	kr. 25.00
II. Fyrir tjörubað, útfjólublá ljós og smyrsl	— 45.00
- c. Greiðslur fyrir meðferðir skv. framansögðu skulu taka sömu breytingum og verða á 15. launaflokki BSRB.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 2. gr. reglugerðar nr. 83 3. febr. 1981 um greiðslu sjúkrasamлага fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, gildir frá og með 1. apríl 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 14. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.